


Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð II



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Janúar 2013

NV nr. 02-13

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR.....	3
1.1 Patreksfjörður	3
1.1.1 Saga Geirseyrar	3
2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR.....	4
2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	4
2.2 AÐFERÐAFRÆÐI.....	6
3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR.....	6
3.1 GEIRSEYRI FORNLEIFAR.....	7
5. NIÐURSTÖÐUR	11
6. KORT	12
HEIMILDASKRÁ.....	13

1. INNGANGUR

Að beiðni Ármanns Halldórssonar byggingarfulltrúa Vesturbyggðar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun á deiliskipulagsreit ofan við Strandgötu á Patreksfirði. Fyrirhugað er að gera Hótel og bæta við ferðaþjónustu við bensínafgreiðslu. Innan deiliskipulagsreitsins eru einnig íbúðarhúsið Hlíðarskjálf, félagsheimili og tjaldsvæði. Leiðagarðar vegna sjóflóðavarna eru einnig fyrirhugaðir á svæðinu. Rannsóknin var gerð þann 6. desember af Margréti Hrönn Hallmundsdóttur fornleifafræðing sem jafnframt annaðist skýrslugerð. Hildigunnur Haraldsdóttir gerði kort.

Kaupstaðurinn Patreksfjörður er á jörðum Vatneyrar og Geirseyrar. Svæðið sem var skoðað er í landi jarðarinnar Geirseyrar.

1.1 PATREKSFJÖRÐUR

1.1.1 SAGA GEIRSEYRAR

Í jarðabók Árna og Páls segir að á Geirseyri hafi verið bænhús sem er fyrir löngu eyðilagt.¹ Patreksfjörður var áður kenndur við Vatneyri. Þar hefur verið verslað frá fornu fari og er eyrarinnar fyrst getið í heimildum árið 1570². Einnig var stunduð verslun frá Geirseyri og var byggðin öll kölluð Eyrar um nokkurt skeið. Í gegnum aldirnar hafa norskir, enskir, þýskir og danskir kaupmenn siglt til Vatneyrar og árið 1604 gerðu Danir Vatneyri að viðurkenndum verslunarstað³.

Fram til ársins 1907 tilheyrði Patreksfjörður sveitarfélaginu Rauðasandshreppi. Það ár var kaптúnið, þ.e. Geirseyri og Vatneyri, tvær bújarðir. Verslun og útgerð var rekin bæði á Geirseyri og Vatneyri. Það var ekki fyrr en á síðustu árum 19. aldar að fólki fór að fjölga á Patreksfirði, en þó aðallega upp úr aldamótum þegar að útgerð þaðan eflist. Árið 1890 eru á Vatneyri 39 manns, en á Geirseyri 49, samtals 88 manns. Árið 1910 bjuggu á Patreksfirði 475 manns, 1920 436 manns og 1930 606 manns.

¹ Árna Magnússonar og Páls Vívalín. 1938,bls.332

² Íslenskt fornbréfasafn. 15 bindi. 1947-50, bls 511

³ Jón J. Aðils. 1971 bls 76

Á Patreksfirði er mjög góð höfn frá náttúrunnar hendi og sigling á fjörðinn hrein og auðveld. Veðursæld er mikil þegar til hafnar er komið. Þangað hefur því verið siglt frá landnámsöld og kaupmenn haft aðstöðu sína á Vatneyri frá því að byggð festist í nágrenni staðarins. Vitað er að á liðnum öldum hafa siglt þangað norskir, þýskir og danskir kaupmenn og stundað þar verslun. Fram til 1836 var Vatneyri einn hinna svokölluðu „autoriseruðu út- liggjarastaða“, en þá breyttist heitið í „autoriseraður höndlunarstaður“. Árið 1877 var með lögum ákveðið að reka megi verslun á Geirseyri við Patreksfjörð þannig „að Geirs-eyri og hinn eldri verslunarstaður, Vatneyri, eru álitnir sem „einn verslunarstaður“ — eins og það er orðað. Eftir þetta var kaптúnið stundum kallað Eyrar af íbúum nágrennasveitanna. Einkum var sumu sveitafólki, sem fór þangað í kaupstað, tamt í munni að segja: „Ég er að fara á Eyrar“ eða „ég er að koma af Eyrum.“ Kaптúnið var þó víðast kallað Patreksfjörður og lagðist nafnið Eyrar fljótlega af.

Um síðustu aldamót 1900 voru tveir kaupmenn á Patreksfirði. Á Geirseyri sat Markús Snæbjörnsson. Hann var eigandi jarðarinnar og rak þaðan nokkra útgerð og verslun. Hann átti verslunarskip, sem var í förum til útlanda. Sagt er að hann hafi oft verið sjálfur í förum með skipi sínu.

2. MARKMIÐ OG AÐFERÐIR

2.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 11. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa,

klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, móröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita; gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.

Í 10. grein Þjóðminjalaga segir enn fremur: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breytttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). Ef óþekktar fornleifar koma í ljós við jarðrask skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmdir á staðnum og þar til ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins liggur fyrir varðandi hvort eða með hvaða skilyrðum framkvæmdin getur haldið áfram (sjá 13.gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð

og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og mældir upp með Trimble pro uppmælingatæki, minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað. Rústir næst deiliskipulagssvæðinu voru jafnframt mældar.

3. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR

Hver sýsla hefur skammstafað heiti og hver jörð hefur tvö númer í fornleifaskránni. Númerin eru komin úr annars vegar landsskrá Fasteignamats ríkisins (Geirseyri 209334) og hins vegar í Jarðatali Johnsens frá 1847 (Geirseyri 209334-157). Síðan fær hver minjastaður raðnúmer í skránni (d. ÍS- Geirseyri 209334-157-002). Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens, flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins. Reykjanes tilheyrði jörðinni Reykjafirði sem er 210 í Jarðatali Johnsens. Minjar hafa áður verið skráðar á Geirseyri og fá því hlaupanda númer í samræmi við fyrri skýrslur.

3.1 GEIRSEYRI FORNLEIFAR

Geirseyri ÍS-209334- 157-020

Hlutverk: Rafstöð

Tegund: Rúst

Staðsetning A 575042 N 270750

Staðhættir

Rafstöð var reist á Geirseyri við Patreksfjörð ein af fyrstu á landinu. Þessi stöð á Patreksfirði var tekin í notkun í

júní 1911 og heitir áin sem knúði vatnshverfilinn Litladalsá. Starfaði rafstöð þessi allt til ársins 1918 þegar ný rafstöð var tekin í notkun á sama svæði dugði hún til raflýsingar sextán húsa á Geirseyrinni⁴.

Minjalýsing Sitt hvoru megin við Litladalsá má greina hleðslur. Sunnan megin árnar er hleðslan 9 metrar á lengd og norðan hennar 7 metrar. Hleðslurnar eru grjóthlaðnar en þó má sjá smá leifar af steypu. Líklegt að þetta tengist fyrstu rafstöðinni og á ljósmynd af rafstöðinni má sjá að þetta eru undirstöður af brú við rafstöðina og grunnur hennar.



Mynd 1. Rafstöðin á Geirseyri við Patreksfjörð sem Jóhannes Reykdal setti upp fyrir Pétur A. Ólafsson útgerðamann. Ljósmynd frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.



Mynd 2 Minjar frá fyrstu rafstöðinni frá 1911

⁴ Dagblaðið.1976.73.tbl.31.3

Geirseyri ÍS-209334- 157-021

Hlutverk: Rafstöð

Tegund: Rúst

Staðsetning A 574982 N 270700



Mynd 3. *Leifar rafstöðvarinnar sem reist var árið 1918 og notuð til 1950. Steyptur gafl hússins enn greinilegur.*

Staðhættir

Rafveitan á Patreksfirði var fullgerð í

desember 1918. Aflið er tekið úr svonefndri Litladalsá, sem rennur gegnum þorpið innarlega. Fallhæðin er 55 m. Og vatnsmegnið um 75 lítrar á sekúndu. Vatnspípunar eru um 900 m. Á lengd, 10 þuml. víðar, og var ætlast til að nota járnsteyppur en þær fórust á leið til landsins. Voru síðar keyptar og settar uppstálvírvaðar trépípur frá Ameríku. Túrbínan, 36 hestafla, og gangstillir er frá A/B Karlstads Mekaniske Værksted í Kristinehamn í Svíþjóð; snúningshraði 1200 á mín. Rafvélin, 23 kw., 2x230 volt, er frá Thomas B. Thrige. Vélhúsið er úr steinsteypu 8x5 m. að grunnmáli, og portbyggt, með íbúð fyrir stöðvarstjórauppi. Rafmagnið er notað til ljósa og lítið eitt til suðu.

Kostnaðurinn mun vera kringum kr. 70,000.00. Halldór Guðmundson rafmagnsfræðingur hafði umsjón með verkinu⁵.

Minjalýsing Grunnur þessarar rafstöðvar er en merkjalegur á yfirborði. Steyptir gafl næst Litladalsá er 1 ½ metri á hæð. Grjót út undirstöðum hússins er líka á yfirborði. Húsið hefur verið ílangt og er grunnurinn 16 metrar á lengd og 5 metrar á breidd.

⁵ Jón. H. Ísleifsson. 1919. Lögberg. 29.tbl.17. júlí

Geirseyri ÍS-209334- 157-022**Hlutverk:** Samgöngubót**Tegund:** Vegur**Staðsetning** A 574977N 270723

Staðhættir Um 12 metra frá suð austur **Mynd 4.** Upphlaðin vegur upp í átt að húsinu Hlíðarskjálfi. horni grunns gömlu rafstöðvarinnar liggur vegur upp að húsinu Hlíðarskjálfi.

Minjalýsing Vegurinn er upphlaðin á smá hluta og liggur í átt að húsinu frá Rafstöðinni. Stígurinn er 18 metrar á lengd.

Geirseyri ÍS-209334- 157-023**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Rúst/hús**Staðsetning** A 575028N 270794

Staðhættir Um 100 metra norðaustur **Mynd 5.** Útihús og hlaðið hólf til hliðar af grunni rafstöðvar grunnsins og 20 metra suðaustur af Litludalsá er fjánhús. Í frétt í Þjóðviljanum frá 1983 segir Ólafur Helgason „ Í gamla daga voru gripahúsin á Geirseyri staðsett við Litladalsá,⁶.

Minjalýsing Húsið er grafið inn í brekku og er steyppt inn í hleðslur líklega af eldra fjárhúsi sem hefur verið hlaðið. Steypan ber þess merki að þetta hús sé nokkuð gamalt enda mikið blandað grjóti. Við hlið hússins er grjóthleðsla- hólf, gæti verið leifar að húsinu sem stóð þarna áður eða hlaðið hólf fyrir dýr eða hey. Op er úr steyppta húsinu í hólfið. Hurð og gluggi á framhlið hússins.

⁶ Þjóðvilinn. 1983. 25.tbl.01.02.

Stærð hlaðinna veggja 9x6 metrar, steypthús innan veggjanna er 2x3.

Geirseyri ÍS-209334- 157-024

Hlutverk: Fjarhús ?

Tegund: Rúst

Staðsetning A 575034N 270816

Staðhættir Við hlið [023] er rúst sem



hefur að öllum líkindum verið útihús. Í frétt **Mynd 6.** *Niðurgráfin og hlaðinn rúst.*
í Þjóðviljanum frá 1983 segir Ólafur Helgason „Í gamla daga voru gripahúsin á á
Geirseyri staðsett við Litladalsá,,⁷.

Minjalýsing Gafl hefur snúið út að Litludalsá sem er í 20 metra fjarlægð en gaflinn hefur að öllum líkingum verið út timbri og er nú horfinn. Rústin er 8x12 metrar að utanmáli og 3x6 að innanmáli. Breidd veggja er 2 metrar og hæð 1 metri.

Geirseyri ÍS-209334- 157-025

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðsetning A 575035N 270824



Mynd 7 *Sokkið garðlag*

Staðhættir Fast við hlið rústar [024] er garður sem liggur fast samhliða rústinni.

⁷ Þjóðvilinn. 1983. 25.tbl.01.02.

Minjalýsing Garðurinn er mikið yfirgróinn. Þar sem hann liggur samhliða rúst [024] en svo kemur á hann 90 gáðu horn og hann liggur til norðausturs. Garðurinn liggur meðfram kartöflugörðum sem virðast enn í notkun. Garðurinn er 18 metrar þar sem hann liggur meðfram rústinni en 46 metrar þar sem hann liggur til norðausturs.

5. NIÐURSTÖÐUR

Fimm fornleifar voru skráðar á deiliskráningarsvæðinu. Minjar frá Rafvæðingu Parareksfjarðar, ásamt fjárhúsum, garði og vegi. Minjar voru sjáanlegar ofan við deiliskipulagsreit en þær voru ekki skráðar. Minjarnar virðast vera allar vera frá 19. og fyrrihluta 20. aldar. Leifar rafstöðvanna eru frá 1911 og 1918 voru það timburhús á hlöðnum og steiptum grunnum. Þess ber að geta að minjar sjást ekki alltaf á yfirborði. Komi minjar fram við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og tilkynna til Minjastofnunar Íslands.



Deiliskipulag hótels og nágrennis, mælikvarði 1 : 1.000

Skipulagsskilmálar.


Deiliskipulagsvæðið er ofan við Strandgötu á Patreksfirði, þar sem fyrirhugað er að gera hótél og bæta ferðaþjónustu við bensínafgreiðslu. Einnig er íbúðarhúsið Hlíðskjál, félagsheimili og tjaldsvæði innan marka deiliskipulags, en gerð tjaldsvæðis er að mestu lokið í samræmi við framkvæmdaupprátt frá Erlu B. Kristjánsdóttur á teiknistofunni Eik ehf. Ekki hefur áður verið gengið frá deiliskipulagi af reitnum. Deiliskipulagið er í samræmi við breytt aðalskipulag og er því ekki gerð lýsing vegna deiliskipulagsins. Sameinuð lóð úr lóðum nr. 98-100 og lóð nr. 110 við Aðalstræti eru á svæði fyrir verslun og þjónustu. Á milli lóðanna og ofan þeirra er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota þar sem er í breyttu aðalskipulagi m.a. gert ráð fyrir mannvirkjum vegna ofanflóðahættu. Íbúðarhúsið Hlíðskjál er á leit sem er ætlaður fyrir íbúðarbyggð og félagsheimilið á leit sem er ætlaður fyrir verslun og þjónustu og svæði fyrir þjóstustofnanir. Tjaldsvæðið er á opnu svæði til sérstakra nota. Lóðirnar að Aðalstræti 98 og 100 eru samkvæmt hættumati vegna ofanflóða fyrir Vesturbyggð frá 2003 á hættusvæði C og það á einnig við um mest alla lóðina að Aðalstræti 110. Á svæðum C er áætlað 3.0 af 10.000 á ári. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir leiðgöðum og litlis háttar hlíðrun neosta hluta Litladalsár í samræmi við tillögur frá Verkis vegna ofanflóðavarna. Með þessum ráðstöfunum er verða fyrirhugaðar framkvæmdir á svæði A og því heimilt að byggja þar. Neðan Strandgötu er gert ráð fyrir litilli flotbyggygju fyrir smábáta. Bryggjan er háð framkvæmdaleyfi og hægt verði að taka hana upp á haustin. Gert er ráð fyrir að loka Aðalstræti beggja vegna Litladalsár og götunnar verði hlíðrað ofar í hlíðina ofan Aðalstrætis 110 og 112.

Á lóð nr. 100 við Aðalstræti verði aðal aðkoma frá Strandgötu, en vörumóttaka frá Aðalstræti. Á lóð nr. 110 við Aðalstræti verði aðal aðkoma frá nýrri veltengingu milli Strandgötu og Aðalstrætis. Gert er ráð fyrir að þessi nýja veltenging skerði lóðir nr. 110 og 112 við Aðalstræti sem nemur hálfri götubreidd af hvorri lóð, en með hlíðrun Aðalstrætis ofar í hlíðina verður svigrúm til að vinna gegn minnkun lóða. Gerð verði göngubrú yfir gili Litladalsár og um rör undir leiðgarð. Þaðan er göngugangur að félagsheimili og upp á tjaldsvæði, en einnig er haldið í mikilvæga gönguleið skól barna til suðausturs. Aðkomu að Bræðraborg er breytt vegna fyrirhugaðra leiðgarða. Neðan Strandgötu er gert ráð fyrir flotbyggygju fyrir smábáta. Bryggjan er háð framkvæmdaleyfi og hægt verði að taka hana upp á haustin. Mikil þörf er fyrir hótél og bættu þjónustu við ferðamenn á sunnanverðum Vestfjörðum. Markmið með fyrirhuguðum framkvæmdum er að koma til móts við þessa þörf og bæta allan aðbúnað og þjónustu við ferðamenn. Gert er ráð fyrir að lóðir verði ræktaðar og plantað verði eftir fongum við bilastæði, til að bæta ásynd á svæðið.

Margrét Hrónn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur skráði minjar á framkvæmdasvæðinu og er leitast við að hlifa þeim. Leiðgarður fer yfir hliðinn veg, en taka þarf snið í hann til að aldursgreina áður en framkvæmdir hefjast. Ef Fornleifafræðingur ríkisins fer fram á verndun hans, verði legu leiðgarðs breytt til að verja vegginn. Allar minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, sbr. 9. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001, og samkvæmt 10. grein má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta þeim, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifafræðingur ríkisins. Komi óskráðar minjar í ljós, skal framfylgja 10. og 13. gr. Þjóðminjalaga.

Byggingaskilmálar.

Gert er ráð fyrir að heildar yfirbragð húsa á lóðum verði sambærilegt og nú er hvað varðar húshæðir. Lóðir nr. 98 og 100 við Aðalstræti eru sameinaðar í eina lóð. Hús sem nú er á lóð nr. 100 verði endurbyggt sem hótél og reist viðbygging við það. Lóð nr. 98 er skráð 965 m² og þar er 254,5 m² hús sem gert er ráð fyrir að verði rífið. Lóðin að Aðalstræti 100 er skráð 2.110 m². Heildarstærð sameinaðrar lóðar verður samkvæmt deiliskipulagi 3.432 m² og nýtingarhlutfall má verða allt að 0.8. Hús hefur verið byggð í áföngum frá 1946-1981 og samkvæmt Þjóðskrár Íslands er birt flatarmál alls 1.709.2 m². Þegar lokið verður við 1. áfanga viðbyggingar við hótelið verður brúttó flatarmál á lóð tæpir 1.900 m². Þá verði gert ráð fyrir einu bilastæði á 50 fermetra, eða 38 almennum stæðum auk tveggja stæða fyrir fatlaða. Einnig verði gengið frá einu rútustæði samsíða götu. Þegar/ef frekari uppbygging er fyrirhuguð á lóðinni, ber að hafa í huga að heildar byggingarmagn á lóð verði ekki meira en 2.750 m³ og þá er átt við brúttó flatarmál í samræmi við skilgreiningar í l.st. 50. Þá þarf að gera grein fyrir lausn bilastæðamála. Ef einkabíll verður ráðandi fararskjóti, verði gert ráð fyrir bílakjallara sem verði felldur niður í landið undir viðbyggingu. Á lóðinni verði byggingar ekki hærra en tveggja hæða. Hæsta hæð núverandi bygginga er 10.4 m en viðbyggingar taki mið af lægri hluta hússins og hæsti punktur þaks verði ekki hærra en 9.0 m yfir aðalgólf 1. hæðar.



Úr aðalskipulagi Vesturbyggðar, Patreksfjörður 2006-2018 eftir breytingu. 1 : 10.000

Lóð nr. 110 við Aðalstræti er skráð 2.490 m² (misritað sem ha á vef Þjóðskrár Íslands) og er leitast við að halda stærð óbreyttri, því þó hluti lóðar fari undir nýja götu, er unnt að stækka lóð upp í hlíðina vegna hlíðrunar Aðalstrætis. Á lóðinni er bensínala í 149,5 m² húsi. Gert er ráð fyrir viðbyggingu vegna aukinnar ferðaþjónustu og verði hún felld inn í leiðgarð til að þröngja ekki um of að farvegi Litladalsár. Nýtingarhlutfall á lóð má verða allt að 0,3. Heildar byggingarmagn má verða allt að 700 m³ (brúttó flatarmál miðað við l.st. 50) og innan byggingarreit má reisa allt að 550 m² sem verði að mestu á einni hæð. Heimilt er að gera ráð fyrir innreginni þakhæða eða kjallara. Hæsti punktur þaks verði ekki hærra en 5.0 m yfir aðalgólf 1. hæðar. Alls verði 23 bilastæði á lóðinni, þar af tvö sem henti fötlúðum. Einnig er þvottaplan fyrir þrjú bíla og tvö rútustæði.

Tjaldsvæði er í hlíðinni ofan við félagsheimilið. Það var framkvæmt í takt við tillögu frá teiknistofunni Eik ehf, en smávægilegar breytingar eru gerðar í samræmi við aðstæður. Þegar hefur þjónustuaðstaða fyrir tjaldsvæðið verið innrétuð í félagsheimilinu. Einnig hefur verið gengið frá rafmagnstengingum fyrir nokkur húsbilastæði og losunarstað fyrir seyru. Gert er ráð fyrir að hluti af mön við tjaldsvæði verði fjarlægð til að þröngja ekki að farvegi Litladalsár ef flóð verða. Neðar í hlíðinni verði gerður leiðgarður sem verji byggingarreit á lóð nr. 110. Gert er ráð fyrir gönguleið sem liggur um rör gegn um leiðgarðinn. Einnig verði leiðgarður norðan farvegjar sem verji hótelið. Neðsti hluti leiðgarðsins verði jafnframt stoðmúr við neyðartröppu og vernd við hótelið, en með því móti verður hlíðrun Litladalsár í lágmarki. Lóð fyrir Hlíðskjál er skilgeind í samræmi við þinglýstan lóðarleigusamning frá 1976, en lóðin er 28x36 m. Hún er hluti af stærra svæði sem Patreksshreppur keypti árið 1977.

Umhverfisáhrif af áætlun eru staðbundin. Ásýnd á svæðið mun breytast, en gera má ráð fyrir að ásýnd á byggingar verði til bóta með viðbyggingu og endurbótum núverandi húsa. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir gróðri á lóðum sem mun einnig bæta aðstæður á skipulagssvæðinu. Gerð leiðgarða mun breyta farvegi og umhverfi Litladalsár, en talið er óhjákvæmilegt að fara í slíkar framkvæmdir til að vernda mennn og byggð gegn ofanflóðum. Gerð er grein fyrir leiðgöðum í aðalskipulagsbreytingu. Í tengslum við gerð leiðgarða verði farið í stigagerð og svæðið verður gert vinsamlegra fyrir gangandi vegfarendur með gróðri. Unnið verði áfram að trjárækt á tjaldsvæðinu til að fegra umhverfi og auka skjólmyndun.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Vesturbyggðar

dagsetning
undirskrift

Samþykkt deiliskipulagsins var auglýst í b deild stjórnartíðinda hinn

dagsetning

Deiliskipulag þetta er auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Tillaga til auglýsingar Deiliskipulag Hótels og nágrennis, Patreksfirði.

1 : 1.000 og 1 : 10.000

Hús og skipulag ehf. Bolholti 8, 105 Reykjavík, sími 511 1099 og 8947040, husk@husk.is
Hildigunur Haraldsdóttir F.A.L. kt. 080654-4219
Sverrir Aegirsson hönnuður FVI
Selma Reynisdóttir tækniteiknari. Dagsetning: 07.12.2012.
Br. 18.12.2012. Skráðum minjum bætt inn á upprátt og texta um minjar breytt.
Br. 21.01.2013. Númerum og texta við minjar bætt inn á upprátt.

HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.*

Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. XV. 1947-1950.

Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Jón J.Aðils. 1971. *Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787.* Heimskringla. Reykjavík.

Ólafur Helgason Þjóðviljinn. 1983. „, *Stutt athugasemd*„25.tbl.01.02

Dagblaðið.1976.73.tbl.31.3 . „*Kjördæmin keppa. Elzta eða fyrsta vatnsorkuverið*„

Óprentaðar Heimildir

Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá Geirseyri